

76. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 3.5. 2022, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunnar Ingólfsdóttur, Jóhann F. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Undir 1. dagskrálið eftir breytinga var mætt Sveinn Þórarinsson.

Í upphafi fundar bar oddviti fram tillögu um eftirfarandi breytingar á dagskrá. Liður 2. verður númer 1.

Breytingartillagan var samþykkt samhljóða og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Svæðisskipulag Austurlands.
2. Samningur við MVA
3. Umsagnir um umhverfis og loftslagsstefnu Fljótsdælinga
4. Fulltrúi skipaður í verkefnisstjórn um búsetuminjar í Fljótsdal
5. Fundargerðir:
 - a. Almannaþing 25.4.2022
 - b. Byggingar og skipulagsnefndar 4.04.2022
 - c. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 1.4.2022
 - d. Heilbrigðisnefndar Austurlands 6.4.2022
6. Ársreikningar:
 - a. SSA 2021
 - b. Almannaþingarnefndar Austurlands 2021
8. Erindi um kaup á slátturorfum fyrir sveitarfélagð
9. Skýrsla sveitarstjóra
10. Önnur mál

1. Samningur við MVA

Sveinn Þórarinsson byggingafulltrúi sveitarfélagsins kynnti fyrir sveitarstjórn drög að verksamning við MVA vegna byggingar á þjónustuhúsi við Hengifoss ásamt verðbreytingum vegna verðhækkana á aðföngum.

Sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn eftir lagfæringar.

2. Svæðisskipulag Austurlands

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkir að tillaga að Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044 verði auglýst í samræmi við 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, að teknu tilliti til niðurstaðna svæðisskipulagsnefndar Austurlands á fundi hennar 28.4.2022 og að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga.

Samþykkt samhljóða.

3. Umsagnir um umhverfis og loftslagsstefnu Fljótsdælinga

7 umsagnir hafa borist frá nokkrum aðilum. Sveitarstjórn vill þakka umsagnaraðilum fyrir ábendingarnar sem koma til með að bæta skýrsluna.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vega inn umsagnir í loftslagsstefnuna.

4. Fulltrúi skipaður í verkefnisstjórn um búsetuminjar í Fljótsdal

Samþykkt að skipa Ásdísi Helgu Bjarnadóttur í verkefnisstjórnina og Jóhann F. Þórhallsson til vara.

5. Fundargerðir:

a. Almannaþing 25.4.2022

Kynnt.

b. Byggingar og skipulagsnefndar 4.04.2022

Varðar lið 2. í fundargerðinni. Sveitarstjórn samþykkir að fyrirbyggjandi vinnslutillaga um deiliskipulag fyrir Víðivallaskóg verði samþykkt og send til kynningar sbr. 4. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 43. gr. laga nr. 123/2010.

Að öðru leiti er fundargerðin kynnt.

c. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 1.4.2022

Kynnt.

d. Heilbrigðisnefndar Austurlands 6.4.2022

Kynnt.

6. Ársreikningar:

a. SSA 2021

Kynnt.

b. Almannaþingarnefndar Austurlands 2021

Kynnt

7. Erindi um kaup á sláttuorfum fyrir sveitarfélagið

Erindinu hafnað.

8. Skýrsla sveitarstjóra

Aðalfundur SSA var haldin á Eskifirði þann 29. apríl síðastliðinn og mættu oddviti og sveitarstjóri á hann.

Umhverfisráðherra hefur tilkynnt að formlegt aðsetur og lögheimili Vatnajökulsþjóðgarðs verður flutt til Hafnar í Hornafirði næsta haust. Sveitarstjórn fagnar þessum fréttum.

9. Önnur mál

Samþykkt að kaupa vinnuborð á hjólum fyrir Végarð.

Eiríkur hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í sveitarstjórn og þakkaði fyrir samstarfið. Eiríkur vildi líka hvetja landeigendur til að sinna viðhaldi girðinga í vor svo að búpeningur sé ekki á vegum. Bent er á að Vegagerðin borgar viðhaldsfé vegna veggirðinga.

Gunnþórunn tilkynnti einnig að hún gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í sveitarstjórn og þakkaði fyrir samstarfið.

Að lokum þökkðu sveitarstjórnarmenn hvor öðrum fyrir samstarfið síðustu 4 ár.

Fundi slitið klukkan 16:18

Lárus ritaði fundargerð í tölvu